

- a) 1% af fob-verði saltaðra grásleppuhrogna og skal innheimta þessa gjalds falla niður 1. apríl 1982.
- b) 1% af fob-verði lagmetis.
- c) 3% af fob-verði saltaðra matarhrogna og frystra þorskhrogna.

Um gjalddaga og innheimtu fullvinnslugjalds fer á sama hátt og segir um útflutningsgjald í lögum nr. 5 13. febrúar 1976.

Enn fremur skal með sama hætti innheimta 1% gjald af fob-verði saltaðra grásleppuhrogna fram til 1. apríl 1982 og renni andvirði þess til Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda.

12. gr.

Iðnaðarráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum stjórnar Sölustofnunar lagmetis og stjórnar Þróunarsjóðs lagmetis-iðnaðarins.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, með síðari breytingum. I. kafli þessara laga, þ. e. greinar 1—8 að báðum meðtöldum, fellur úr gildi 31. desember 1982.

Gjört í Reykjavík 4. júní 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.

L Ö G

um stálbræðslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gerast eignaraðili að Stálfélaginu hf. og að leggja fram í því skyni allt að 40% af hlutfé þess, enda verði hlutfé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði stálbræðslunnar.

2. gr.

Í tengslum við aðild sína að hlutfélaginu er ríkisstjórninni heimilt:

1. Að leggja fram allt að 12 milljónum kr. af fé ríkissjóðs sem hlutfé í nefndu hlutfélagi og að taka lán í þessu skyni. Framangreind upphæð miðast við lánskjaravísitölu 1. apríl 1981 og breytist í samræmi við hana.
2. Að veita ríkisábyrgð fyrir lánnum eða taka lán, er hlutfélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar, að fjárhæð samtals 17.5 milljónum kr., eða jafnvirði þess í erlendri mynt enda hafi verið tryggð öflun annars lánsfjár vegna stofnkostnaðar.
3. Að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum til verksmiðjunnar. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis

og aðra þætti er varða aðflutnings- og sölugjöld af efni og aðföngum til verksmiðjunnar.

Fjármálaráðherra fer með framkvæmd þessarar greinar.

3. gr.

Fulltrúa ríkissjóðs á aðalfundi og öðrum hluthafafundum í hlutafélagi skv. 1. gr. skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu.

4. gr.

Hlutafélagið skal gera þær varúðarráðstafanir sem við verður komið til að varna tjóni á umhverfinu við framkvæmdir og verksmiðjurekstur á þess vegum og fylgja í hvívetna lögum um náttúruvernd, mengunarvarnir, öryggi og hollustuhætti á vinnustað svo og reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ekki er ríkisstjórninni heimilt að gerast eignaraðili að hlutafélaginu skv. 1. gr. né leggja fram fé ríkissjóðs sem hlutafé skv. 1. tölulið 2. gr. né veita ríkisábyrgð eða taka lán skv. 2. tölulið 2. gr. fyrr en tryggð hafa verið hlutafjárframlög annarra aðila fyrir 60% hlutafjár, enda sé tryggður rekstrargrundvöllur fyrirtækisins með afurðaverði sem er sambærilegt heimsmarkaðsverði að álitni viðskiptaráðuneytisins.

Gjört í Reykjavík 4. júní 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.

L Ö G

um raforkuver.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Landsvirkjun er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar

- að stækka Hrauneyjafossvirkjun í allt að 280 MW afl,
- að stækka Sigölduvirkjun í allt að 200 MW afl,
- að gera ráðstafanir sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og koma vinnslugetu þeirra í eðlilegt horf, m. a. með Kvislaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga,
- að virkja á ármótum Þjórsár og Tungnaár við Sultartanga (Sultartangavirkjun) með allt að 130 MW afli.